



Halla fær jafnréttisviðurkenningu

HALLA Tómasdóttir, annar stofnenda Auðar Capital og starfandi stjórnarformaður, hlýtur jafnréttisviðurkenningu Kópavogsbæjar fyrir frumkvöðlastarf og gott fordæmi kvenna á öllum aldri. Halla hefur m.a. starfað sem framkvæmdastjóri viðskiptaráðs Íslands,

stofnandi og stjórnandi Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík og Auðar í krafti kvenna. Una María Óskarsdóttir, t.h., formaður jafnréttisnefndar Kópavogs, og Sigurrós Þorgrímsdóttir, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, sjást hér með Höllu á milli sín.

